

## Fundargerð

216. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 23. nóvember 2016 kl. 16:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Þorvaldur P. Hjarðar, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnhildur Ingvarsdóttir

### Dagskrá:

1. Verðskrá
  - a) vatnsveitugjöld
  - b) fráveitugjöld
2. Innkomin erindi og upplýsingar
3. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 16:08

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

### 1. Verðskrá

#### a) Vatnsveitugjöld 2017

Samkvæmt 8. grein í samþykkt um gjaldskrár vatnsveitna í reksti HEF ehf. ber stjórn að taka ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 3. grein samþykktanna og samþykkir stjórn að grein 3 verði eftirfarandi:

*Af öllum fasteignum, sem eru gjaldskyldar skal greiða vatnsgjald sem nemur **kr. 245,-** (var kr 245,-) á fermetra skv. fasteignamati og fast gjald **kr. 8.600** (var kr. 8.250) á matseiningu. Árlegt vatnsgjald af sumarhúsum/frístundahúsum skal að lágmarki vera **kr. 25.640,-** (var kr. 24.900)*

Notkunargjald skal vera **kr. 30,-** (var kr. 28) pr. rúmmetra, og frá Urriðavatnsveitu **kr. 23,-** (var kr. 22) pr. rúmmetra.

#### b) Holræsagjöld vegna álagningar 2017.

Eftirfarandi tillaga lögð fram;

*Holræsagjald verði óbreytt, eða 0,32% af fasteignamati.*

*Vegna hreinsun rotþróa samkv. gjaldskrá (breytist árlega skv. vísitölu byggingarkostnaðar). Hér skv. vísitölu des 2015.*



<i>Þjónustugjald minna en 4,5 rúmmetrar</i>	<i>16.321 kr.</i>
<i>Þjónustugjald 4,5 m<sup>3</sup> til 6,5 m<sup>3</sup></i>	<i>23.429 kr.</i>
<i>Umframgjald pr. m<sup>3</sup> umfram 6,5 m<sup>3</sup></i>	<i>5.265 kr.</i>

Ofangreindar tillögur samþykktar samhljóða.

## **2. Innkomin erindi og upplýsingar**

*Framlögð gögn:* 29 - 20161025\_Skógarorka ehf . samkomulag um styrk; 28 - Fljótsdalshérað\_innviðagreining; 20161027\_verkf1\_Tjarnarbraut endurnýjun veitulagna; 20161117\_verkf2\_Tjarnarbraut endurn.veitulagna

- a) Lagt fram undirritað samkomulag um styrk vegna þróunarverkefnis um sjálfbæra viðarkyndistöð til húshitunar á milli Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Skógræktarinnar, Landsamtaka skógareigenda og Skógarorku ehf.
- b) Minnisþingur um innviðagreiningu Fljótsdalshéraðs, varðar m.a. þátttökukostnað HEF ehf. í verkefninu. Stjórn HEF leggur áherslu á aðkomu að vinnu við verkefnið og sér í lagi að skilgreina verkefnið og gerðar fjárhags- og tímaáætlunar verkefnisins.
- c) Verkfundargerðir 1 og 2, Tjarnarbraut endurnýjun veitulagna – lagt fram til kynningar.

## **3. Önnur mál**

- a) Engin

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 16:46

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.